

Íbúar Húnavatnshreppi.

Í þessu fréttabréfi verður gerð grein fyrir stöðu framkvæmda á vegum sveitarfélagsins ásamt ýmsum öðrum málum.

Framkvæmdir.

Í byrjun júlí var lokið við viðgerðir á þaki íþróttasalar á Húnavöllum. Vegna rakaskemmda í timburklæðningu þurfti að endurnýja meira af henni en áætlað var. Skipt var um þakjárn og þakrennur. Verkið var unnið af Húsherja, kostnaður við verkið var tæpar 4.7 millj. kr. Heildarkostnaður vegna viðgerða á þökum Húnavallaskóla er því orðinn um 7.2 millj. kr.

Í sumar gerðu Húnavatnshreppur og Blöndustöð Landsvirkunar með sér samstarfssamning undir heitinu “Samstarf um sumarvinnu” Samningurinn var um vinnuframlag unglunga úr Blöndustöð. Á tímabilinu frá 5. júní til 19. ágúst voru starfandi 4 til 6 unglingar við störf í Húnavatnshreppi, m.a. var unnið við umhirðu og þökulagningu lóðar á Húnavöllum. Málningarvinnu og umhirðu lóðar í Húnaverí. Fúavarin tréverk sparkvallar á Húnavöllum, í Beinakeldurétt, Auðkúlorétt og pallar og gerði við Áfangaskála. Girðingaviðhald í Ólafslundi og Gróustaðalundi í Vatnsdal og stígagerð við Auðkúlorétt. Einnig sáu unglिंगarnir um umhirðu kirkjugarðanna í Bólstaðarhlíð og Auðkúlu í samráði við sóknarnefndir. Finnur Björnsson var umsjónamaður sumarvinnunar í Húnavatnshreppi. Reynslan af samstarfinu var mjög góð og hrósaði Finnur unglिंगunum mikið fyrir dugnað og samviskusemi við störf sín.

Þriðjudaginn 26. ágúst hófst starfsemi í nýju húsnæði leikskólans á Húnavöllum. Ingibjörg Jónsdóttir Gilá veitir leikskólanum forstöðu og Jóhanna Jónasdóttir leikskólalastjóri á Blönduósi veitir leikskólanum faglega ráðgjöf. Framkvæmdir eru hafnar við lóðina og verða nokkur leiktæki sett upp í haust, einnig er ætlunin að girða lóðina sem fyrst.

Þann 14. ágúst s.l. varð mikið tjón í leikskólanum þegar heitavatnströr gaf sig og heitar gufur eyðilögðu vegg, hurðir og loft í aðalinngangi skólans og í tæknirými. Tjónið var metið af tryggingarfélagi sveitarfélagsins, ekki hefur samist um tryggingabætur og á meðan bíða nauðsynlegar viðgerðir. Vonast er til að viðgerðir geti hafist sem fyrst því fyrirhugað var að leikskólinn yrði opnaður formlega í lok ágúst, en ljóst er af þessum orsökum að formleg opnun frestast eitthvað.

Nú eru hafnar rotþróarframkvæmdir í Blöndudal og Svartárdal á þeim lögbýlum sem eftir urðu þegar framkvæmdum var hætt síðasta haust, þegar þeim lýkur verður hafin vinna við þær rotþrær og siturbeð í fyrrum Torfalækjarhreppi sem fóru í útboð í sumar. Jarðvinna er unnin af Streingrími Ingvarssyni samkvæmt tilboði.

Hreinsunaráttak.

Um miðjan júní var farið í áttak í hreinsun umhverfis í sveitarfélaginu. Safnað var brotajárni, timbri, spilliefnum og plasti frá fjölmörgum lögbýlum. Hreinsunaráttakinu lauk í endaðan júlí og var heildarkostnaður um 1.5 millj. kr.

Aðalskipulag, fornleifaskráning.

Þann 28. ágúst s.l. var haldinn fundur í undirbúningsnefnd vegna gerðar aðalskipulags fyrir Húnavatnshrepp með skipulagsráðgjafa frá Landmótun. Lögð voru fram drög að matslýsingu fyrir umhverfisskýrslu. Tilgangur matslýsingar er að gefa yfirlit yfir hvernig vinnu við umhverfismat aðalskipulags verður háttáð. Matslýsing er send Skipulagsstofnun sem tekur ákvörðun um umfang og áherslur umhverfismats. Lokastig þessa hluta samráðs er gerð umhverfisskýrslu.

Skipulagsráðgjafi hefur lagt fram fyrstu drög að skipulagsgreinargerð til yfirferðar í nefndinni. Einnig liggja fyrir fyrstu drög af aðalskipulags- og sveitarfélagsupprætti. Þegar undirbúningsnefndin hefur lokið yfirferð yfir þessi gögn þá verður lögð fram frumtillaga af aðalskipulagsupprætti ásamt greinargerð til kynningar hjá íbúum sveitarfélagsins.

Samhliða gerð aðalskipulags þá verður að fara fram skráning fornleifa í Húnavatnshreppi. Gengið hefur verið frá samningi um skráningu fornleifa við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga. Minjavörður Norðurlands hefur gert lista yfir fjórtán forgangsjarðir þar sem fornleifaskráning mun fara fram jafnhliða aðalskipulagsgerð. Fjórar jarðir eru skráðar árið 2008 og tíu jarðir árið 2009. Verkið felur í sér heimildarvinnu, vettvangsvinnu og úrvinnslu gagna.

Verktaki mun einnig eftir nánara samkomulagi taka að sér heildarskráningu fornleifa á öllum jörðum í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að þessi hluti verksins verði unnin á tíu árum. Þekktar fornleifar í Húnavatnshreppi eru alls um 2.900. Áætlað er að kostnaður sveitarfélagsins við fornleifaskráninguna verði um 18 milljón kr.

Girðingarúttektir.

Úttektir á girðingum við stofn- og tengivegi í hreppnum munu fara fram í október. Þeir landeigendur sem ekki hafa nú þegar yfirfarið veggirðingar sínar eru eindregið hvattir til að gera það fyrir þann tíma, þannig að viðhaldsgreiðslur fái frá Vegagerðinni. Þeir landeigendur sem sjá fram á ófullnægjandi viðhald á veggirðingum sínum, þetta árið, eru beðnir að láta skrifstofu Húnavatnshrepps vita hið fyrsta.

Akstur aldraðra.

Húnavatnshreppur er aðili að félagsstarfi aldraðra á Blönduósi og íbúum sveitarfélagsins stendur til boða akstur vegna félagsstarfsins. Þeir sem hafa áhuga á að notfæra sér það eru beðnir að hafa samband við skrifstofu hreppsins í síma 452-4660.

Skrifstofa Húnavatnshrepps.

Skrifstofa Húnavatnshrepps er opin mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 10.00 – 16.00. Símanúmerin eru 452-4660 og 452-4661, faxnr. er 452-4680, netföngin hunavatnshreppur@emax.is jens@emax.is veffang www.hunavatnshreppur.is

Húnavöllum 18. september 2008.
Sveitarstjóri Húnavatnshrepps